

STJÓRNARTÍÐINDI B 95 – 2002

23. ágúst 2002

1671

Nr. 619

REGLUGERÐ

**um hækkun frítekjumarka (tekjumarka) skv. lögum nr. 117/1993
um almannatryggingar, með síðari breytingum.**

1. gr.

Frítekjumörk (tekjumörk) skv. 2. mgr. 11. gr., 5. mgr. 12. gr. og 1. - 7. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. september 2002 að telja um 8,9% frá því sem þau voru í ágúst 2002.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett með stoð í 66. gr., sbr. 65. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 23. ágúst 2002.

Jón Kristjánsson.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

23. ágúst 2002

Nr. 620

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

Fossaleynir 19-21.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 12. júlí 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Fossaleyni 19-21. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 23. ágúst 2002.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.